



Menntasvið Kópavogs

Verklagsreglur talmeinafræðinga í leikskólum Kópavogs

- leiðbeiningar til foreldra og leikskóla

1. Vakni grunur um seinkun í málþroska hjá barni getur leikskóli fyllt út beiðni um aðkomu talmeinafræðings sem metur málþroska barnsins.
 - Þeirri greiningu fylgir ráðgjöf til foreldra og skóla frá þeim talmeinafræðingi sem greinir barnið.
2. Bendi niðurstaða greiningar til seinkunar í málþroska geta foreldrar barnsins sótt um talþjálfun hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingi (sjá lið 8).
3. Börn sem hafa minni háttar vanda en þurfa samt sem áður tíma hjá talmeinafræðingi geta fengið þjónustu hjá talmeinafræðingi Kópavogsbæjar í leikskólanum u.þ.b. 8 tíma (30-40 mínútur, 1 sinni í viku).
 - Hér er um að ræða framburðarfrávik og heildarmálþroskatölu sem fellur ekki undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands. 3-4 ára börn sem fá 18-23 villur á framburðarprófi, 5-6 ára börn sem fá 7-17 villur á framburðarprófi og börn sem fá málþroskatölu 81-85, fá þjónustu frá sveitarfélagi.
4. Þurfi barn áframhaldandi talþjálfun að mati talmeinafræðings eftir þá lotu sem boðið er upp á í leikskólanum, þá er barn sett í hvíld þar til á næstu önn eða eftir samkomulagi við foreldra og/eða teymisfund og fær þá aðra lotu.
5. Æskilegt er að foreldri eða starfsmaður á leikskóla sitji í tímum með barninu til þess að fylgja eftir þjálfun þess heima og í leikskóla. Sé þjálfun ekki fylgt eftir verður árangur barnsins eftir því.
6. Ef mæting er slök og ekki er tilkynnt um forföll í tvo tíma í röð fellur barnið út úr þjálfun og næsta barn á biðlistanum kemst að.
7. Ef sýnt er að barni gagnist ekki sú þjálfun sem boðið er upp á er þjálfun sett á bið.
8. Börn með alvarleg málþroskafrávik og alvarleg framburðarfrávik fá niðurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands í 20 tíma hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingi.
 - Þau börn sem falla undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands vegna talþjálfunar þurfa að fá læknisvottorð (beiðni um talþjálfun) áður en talþjálfun hefst. Talmeinafræðingur, á þeirri sjálfstætt starfandi stofu sem sótt var um þjálfun á, hefur samband við foreldra nokkrum vikum áður en barn kemst að í þjálfun og bendir foreldrum á að fá fyrrgreint vottorð. Ath. að læknisvottorð gildir í 1 ár frá útgáfu þess.

Kópavogi, 1. febrúar 2015

Talmeinafræðingar